

**ÁRSFUNDUR LÍFEYRISSJÓÐS STARFSMANNA BÚNAÐARBANKA ÍSLANDS HF. HALDINN  
MIÐVIKUDAGINN 24. MAÍ 2017 KL. 17:15 Í HÚSAKYNNUM ARION BANKA, BORGARTÚNI 19.**

Jóhannes Ingvarsson stjórnarformaður Lífeyrissjóðs starfsmanna Búnaðarbanka Íslands hf. setti fundinn og bauð sjóðfélaga velkomna. Hann gerði tillögu um að Þórunn Kristinsdóttir yrði kosin fundarstjóri og var tillagan samþykkt. Þórunn tók við fundarstjórn og lagði til að Unnur Elín Jónsdóttir yrði fundarritari og var það samþykkt. Fundarstjóri fór yfir ákvæði sjóðsins um boðun fundarins, hvernig að henni var staðið og lýsti fundinn lögmætan og til þess bæran að afgreiða dagskrárefni.

Fundarstjóri lagði til að umræða um skýrslu stjórnar yrði tekin fyrir samhliða umræðum um ársreikning sjóðsins. Einnig óskaði fundarstjóri eftir því að umfjöllun um fjárfestingarstefnu sjóðsins yrði samhliða yfirferð ársreiknings. Engar athugasemdir voru gerðar við það. Gengið var til dagskrár og mál afgreidd sem hér segir.

**1. Skýrsla stjórnar**

Jóhannes Ingvarsson stjórnarformaður LSBÍ sagði að árið 2016 var krefjandi fyrir lífeyrissjóði landsins og það sama á við um okkar sjóð. Styrking krónunnar um 16% litaði ávöxtun erlendra eigna sjóðsins reiknaða í íslenskum krónum og á sama tíma lækkaði úrvalsvíitala hlutabréfa um 9% á árinu. LSBÍ raðar sér þó með efri sjóðum landsins með raunavöxtun upp á 0,49% og ef horft til lengri tíma er meðalavöxtun hans góð líkt og sjóðfélagar vita.

Tryggingafræðileg staða sjóðsins hefur verið með eindæmum góð undanfarin ár líkt og sjóðfélagar þekkja. Á ársfundi 2016 var tryggingafræðileg staða sjóðsins 17,6% og voru áunnin réttindi sjóðfélaga aukin um 10% í kjölfarið. Árið 2015 voru réttindi aukin um 2% til viðbótar við 14% aukningu árið 2012. Tryggingafræðileg staða sjóðsins er nú 4,4% sem er með því lægra sem við þekkjum hér í þessum sjóði en telst nú samt sem áður góð staða og með þeim bestu sem sjást meðal lífeyrissjóða landsins á þessu ári. Engin sjóður státar hins vegar af annarri eins sögu tryggingafræðilegrar stöðu og aukningu réttinda líkt og við höfum átt að venjast síðast liðin ár.

*pk.*

*Vf*

Ávöxtun sjóðsins síðustu fimm og tíu ár er með ágætum. Meðaltal hreinnar raunávöxtunar síðast liðin 5 ár er 4,4% og ef litið er til síðustu 10 ára þá er meðaltal hreinnar raunávöxtunar 5,0%. Þetta er vel yfir 3,5% mörkunum sem lífeyrissjóðir miða alla jafna við.

Hér á eftir mun Ólafur Örn Jónsson, sjóðsstjóri hjá Eignastýringu fagfjárfesta fara nánar yfir ávöxtun sjóðsins og fjárfestingarstefnu og Bjarni Guðmundsson, tryggingastærðfræðingur sjóðsins, mun fjalla um niðurstöður úr tryggingafræðilegri úttekt sinni á sjóðnum.

Hrein eign sjóðsins til greiðslu lífeyris nam tuttugu og tveimur milljörðum eitt hundruð áttatíu og sex milljónum króna (21.237) milljón króna í árslok 2016. Á árinu lækkaði hún um 2,3% en á árinu 2016 hélt ávöxtunin ekki í við umfram útflæði úr sjóðnum.

Iðgjöld til sjóðsins á árinu voru 35,8 milljónir króna vegna 38 greiðandi sjóðfélaga, en iðgjöld til sjóðsins voru 35,6 milljónir árið áður og hafa þau því lækkað um 0,6%. Meðalfjöldi greiðandi sjóðfélaga var 15 færri en á árinu á undan en eins og kunnugt er þá er sjóðurinn lokaður fyrir nýjum greiðendum.

Lífeyrisgreiðslur sjóðsins á árinu námu 1.018 milljónum króna sem er um 3,7% hækkan frá fyrra ári. Í árslok voru lífeyrisþegar 488. Meðalfjöldi þeirra sem þáði lífeyrisgreiðslur úr sjóðnum á árinu var 325 og hafði fjöldað um 11 frá árinu á undan.

Jóhannes sagði að Snædís Ögn Flosadóttir, framkvæmdastjóri sjóðsins myndi kynna helstu niðurstöður ársreiknings sjóðsins.

Stjórn sjóðsins var óbreytt milli ára en hana skipuðu auk þess sem hér stendur og tók að sér stjórnarformennsku, Tryggvi E. Geirsson endurskoðandi og Lára Jóhannsdóttir, doktor í viðskiptafræði og lektor við Háskóla Íslands. Breyting varð á varamönnum sjóðsins á síðasta ársfundi, Sólrun Halldórsdóttir baðst lausnar og tilnefndi rekstraraðili sjóðsins Brynju Þorbjörnsdóttur í hennar stað og var tilkynnt um það á ársfundi 2016 aðrir varamenn sátu áfram og eru það Anna María Bragadóttir og Árni Emilsson. Í endurskoðunarfnd sjóðsins sátu Tryggvi E. Geirsson, formaður, Lára Jóhannsdóttir og Þórunn Kristinsdóttir.

Samkvæmt samþykktum sjóðsins kjósa sjóðfélagar sér two stjórnarmenn á tveggja ára fresti en Arion banki tilnefnir einn. Kosið var í stjórn á ársfundi 2015 og er því komið að stjórnarkjöri að nýju nú.

folc

WJ

Núverandi stjórnar og varastjórnar menn gefa allir kost á sér að nýju og Arion banki tilnefnir jafnframt sömu fulltrúa í stjórn og varastjórn og áður.

Jóhannes telur að horfur sjóðsins fyrir yfirstandandi ár séu ágætar. Staða sjóðsins er sterkt þrátt fyrir krefjandi ár líkt og ég kom inná hér áðan og farið verður nánar yfir hér á eftir. Framtíð sjóðsins er á heildina litið björt.

Jóhannes þakkaði góð samskipti við sjóðfélaga frá síðasta ársfundi og enn fremur þakka meðstjörnendum ánægjulegt samstarf. Jafnframt þakka ég framkvæmdastjóra sjóðsins, starfmönnum eignastýringar Arion banka og þeim sem koma með einum eða öðrum hætti að starfsemi sjóðsins fyrir gott samstarf og fagleg vinnubrögð.

## 2. Kynning á ársreikningi

**Snædís Ögn Flosadóttir** framkvæmdastjóri LSBÍ fór yfir ársreikning LSBÍ 2016. Hún fór yfir breytingar á hreinni eign, efnahagsreikning, sjóðstreymi og helstu liði í skýringum. Hún sagði frá nýjum reglum reikningsskila. En lífeyrissjóðum var heimilt að fresta töku nýrra reglnanna, sem LSBÍ gerði, en samt sem áður var gert að hluta til upp eftir þeim reglum á árinu 2015. Megin breytingin er að það er verið að breyta uppgjörsaðferð sjóðsins. Nú eru hlutabréfin og skuldabréfin gerð upp á markaðsvirði í stað kaupkröfu áður, að undan skyldum sjóðfélagalánum sjóðsins. Snædís sagði að þessi uppgjörsaðferð hefur engin áhrif á tryggingafræðilega stöðu sjóðsins. Snædís fór yfir breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris m.v. eldri reglur og nýjar. Þarna er bara um breytingu á framsetningu að ræða.

Í máli Snædísar kom m.a. fram að iðgjöld ársins höfðu hækkað um 0,6% á milli ára og útgreiðslur hækkað um 11% sem skýrist af því að fleiri sjóðfélagar væru komnir á lífeyri og greiðandi sjóðfélögum hefur fækkað. Snædís sýndi hvernig þróun iðgjalda og lífeyrisgreiðslna hefur verið síðustu ár, frá árinu 2010 til 2016.

Hrein eign í árslok til greiðslu lífeyris var 22.2 milljarður. Snædís fór einnig yfir þróun á hreinni eign til greiðslu lífeyris frá 2010.

þk

fgj

Snædís fór yfir skýringar og helstu kennitölur í ársreikningi 2016. Nú er tryggingafræðileg staða með sérstakt yfirlit í reikningum. Þar kemur fram að heildarskuldbinding standi í plús 4,4% í lok árs 2016. Snædís fór stuttlega yfir þróun tryggingafræðilegrar stöðu sjóðsins frá árinu 2010 - 2016. Bjarni mun fara nánar yfir tryggingafræðilega úttektina.

Snædís fór yfir skýringu nr. 3,1 greiddur lífeyrir. Þar kemur meðal annars fram að örorkulífeyrisgreiðslur eru um 39 milljónir á árinu 2016 og makalífeyrir 98,5 milljónir. Einnig er barnalífeyrir svipaður á milli ára.

Snædís fór yfir skýringu 5.1 Rekstrarkostnaður. Þar kemur fram að rekstrarkostnaður hækkar á milli ára um 13,2%, sem er í hlutfalli við hreina eign í árslok 0,07%.

Snædís sagði hreina raunávöxtun sjóðsins á árinu 2016 vera 0,5% og síðustu fimm árin 4,4% en síðustu 10 árin 5,0%. Uppreknað miðað við nýjar reglur um ársreikninga lífeyrissjóða.

### **3. Gerð grein fyrir fjárfestingarstefnu sjóðsins**

**Ólafur Örn Jónsson sjóðstjóri** Eignastýringar fagfjárfesta fór yfir ávöxtun og eignastýringu fyrir árið 2016 sem og fjárfestingarstefnu sjóðsins fyrir árið 2017.

Ólafur fór yfir þróun markaða á árinu 2016 í samanburði við árið 2015. Hann sagði að innlend hlutabréf lækkuðu um -9% á árinu 2016 en sá eignaflokkur var sá er gaf minnst þetta árið. Erlend hlutabréf lækkuðu einnig um -8,6% en sjóðurinn á mjög lítið í erlendum bréfum.

Ólafur fór yfir ávöxtun á árinu 2016, hrein raunávöxtun á kaupkröfu var 1,6% og raunávöxtun á markaðsvirði var 0,5%. Ólafur fór yfir ávöxtun á móti viðmiði. Meðalávöxtun LSBÍ síðastliðin 20 ár var 6,4%.

Ólafur fór yfir eignasamsetningu sjóðsins, hann sagði að ekki væru um miklar breytingar að ræða á stefnu sjóðsins. Hann fór yfir sundurliðun skuldabréfa og innlendra hlutabréfa.

Ólafur fór stuttlega yfir stöðu sjóðsins það sem af er ári 2017 í samanburði við árið 2016. Raunávöxtun á frá áramótum til 22. maí 2017 var 3,6%.

plc  
JG

Ólafur fór yfir fjárfestingastefnu LSBÍ fyrir árið 2017 og breytingarnar frá árinu 2016. Vægi í floknum Ríkisvílar, ríkisskuldabréf og skuldabréf með ábyrgð ríkissjóðs minnkað úr 60% í 55%. Neðri vikmörk voru lækkuð úr 45% í 40%. Vægi í floknum Hlutabréf voru hækkuð úr 15% í 20%. Hann sagði um afar varfærna stefnu að ræða, þrátt fyrir breytingarnar.

Þá var gefið rúm fyrir fyrirspurnir, engar fyrirspurnir komu fram.

Þórunn fundarstjóri sagði að ársreikningur yrði lagður fram að venju þó það tíðkist ekki hjá öðrum sjóðum, og spurði hvort að það væru athugasemdir við því ? Svo var ekki. Verður hann því lagður fram hér á eftir.

#### **4. Gerð grein fyrir tryggingafræðilegrí úttekt**

Bjarni Guðmundsson kynnti niðurstöður tryggingafræðilegar athugunar 31.12.2016. Í máli hans kom fram að áunnin staða væri 8,4% en var 19% árið 2015. Heildar áunnin staða var 7,3% en er nú 17,6%. Staðan er því innan vikmarka laga nr. 129/1997.

Þá var gefið rúm fyrir fyrirspurnir, engar fyrirspurnir komu fram.

*Ársreikningur LSBÍ 2016 lagður til samþykktar, hann var samþykktur samhljóða.*

#### **5. Kjör tveggja stjórnarmanna og varamanna**

Snædís kynnti kjör tveggja stjórnar- og varamanna. Samkvæmt samþykktum sjóðsins skal fundur sjóðfélaga kjósa two stjórnarmenn af þremur og two til vara. Arion banki tilefnir einn stjórnarmann og einn til vara. Stjórnarmenn skulu kosni til tveggja ára í senn. Fyrir liggur að Jóhannes Ingvarsson og Tryggvi E. Geirsson gefa kost á sér áfram til stjórnasetu og Anna María Bragadóttir og Árni Emilsson til vara.

Eru önnur framboð til stjórnar?

**Tillagan var samþykkt.**

Önnur framboð eru ekki til stjórnar og eru Jóhannes Ingvarsson og Tryggvi E. Geirsson því réttkjörnir stjórnarmenn til næstu tveggja ára og Anna María Bragadóttir og Árni Emilsson til vara.

plc  
JG

## **6. Kjör endurskoðanda**

Stjórn gerði tillögu um að númerandi endurskoðendur sjóðsins, Íslenskir endurskoðendur ehf. Guðni Þór Gunnarsson, löggiltur endurskoðandi sjái áfram um endurskoðun sjóðsins fyrir næsta starfsár.

### ***Tillagan var samþykkt***

## **7. Tillaga stjórnar um breytingar á samþykktum sjóðsins**

Snædís fór yfir tillögu stjórnar að samþykktarbreytingar. Breytingar v. sameiningar tryggingafélaga og nýrra ársreikninga og breytinga á framkvæmd:

### **6. gr. reikningar, endurskoðun og afgreiðsla**

Breyting á 6. gr. er uppfærsla til samræmis við lög en nýjar reglur um ársreikninga lífeyrissjóða hafa tekið gildi og því ber að vísa til þeirra.

### **12. gr. Örorkulífeyrir**

Eftir sameiningu Okkar Íf og Varðar Trygginga heitir félagið nú Vörður Tryggingar hf. og því vísað til þeirra

### **20. gr. Málsmeðferð og Gerðardómur**

Um málsmeðferð í ágreiningsmálum sjóðfélaga gangvart lífeyrissjóðnum gilda ákvæði stjórn-sýslulaga nr. 37/1993 eftir því sem við á, svo sem um birtingu ákvörðunar, rökstuðning og endurupptöku

#### Breytingar á orðalagi til samræmis við framkvæmd og lög:

Samkvæmt 5. mgr. 31. gr. laga 129/1997 skal framkvæmdastjóri annast daglegan rekstur sjóðsins

Stjórn sjóðsins telur eðlilegt að samþykktir endurspeglar raunverulega framkvæmd hjá lífeyrissjóðnum sem er í samræmi við téða lagagrein

Í greinum samþykktanna þar sem lögð er til breyting er vísað til stjórnar sjóðsins þar sem raunverulega framkvæmd er og hefur verið í höndum sjóðsins en ekki stjórnar hans

þk  
Sj

Þær greinar samþykktar sem breytingin hefur áhrif eru eru eftifarandi:

**10. gr. lögjöld**

**12. gr. Örorkulífeyrir**

**19. gr. Tilhögun lífeyrisgreiðslna**

**24. gr. Um flutning réttinda**

Felldar eru út tvær málsgreinar í 13. gr. um makalífeyrir og tvær setningar í 14. gr. um barnalífeyrir

Lífeyrissjóði er ekki heimilt að setja viðbótarskilyrði fyrir rétti til maka- og barnalífeyris í samþykktir sínar umfram það sem fram kemur í 16. gr. og 17. gr. laga nr. 129/1997, sbr. 13. gr. sömu laga

Þá er jafnframt gerð breyting ákvæði um tíðni greiðslna barnalífeyris til samræmis við framkvæmd en barnalífeyrir er greiddur mánaðarlega en ekki árlega.

Í **23. gr. samþykktar um upplýsingaskyldu** er málsgrein sem tekur á upplýsingum í yfirlitum sem send eru sjóðfélögum

Sömu upplýsingar koma fram í 10. gr. samþykktanna og er því lagt til að greinin verði fjarlægð.

Þórunn sagði að tillaga stjórnar um breytingar á orðalagi til samræmis við lög og framkvæmd hjá sjóðnum þarf ekki að bera upp til atkvæðagreiðslu þar sem breytingar leiða af lögum. Ef einhver sjóðfélaga vill hins vegar tjá sig um tillöguna eða bera upp spurningu er það velkomið.

Þá var gefið rúm fyrir fyrirspurnir, engar fyrirspurnir komu fram.

## **8.Laun stjórnarmanna**

Snædís bar fram tillögu stjórnar um laun stjórnarmanna, sem var eftifarandi.

Stjórn gerir tillögu um eftifarandi stjórnarlaun:

Aðalmenn: 95.000 á mánuði

Formaður: 190.000 á mánuði

Varamenn: 47.000 fyrir hvern setinn fund

**Tillagan var samþykkt.**

*þlc*

*WJ*

## 9. Önnur mál

Fundarstjóri gaf orðið laust fyrir önnur mál.


Enginn kvaddi sér hljóðs undir liðnum önnur mál.

Fleira var ekki tekið fyrir þar sem dagskrá fundarins var tæmd. Fundarstjóri fékk heimild til að ganga frá fundargerð ásamt fundarritara. Þá sagði fundarstjóri fundi formlega slitið kl. 18:25

Reykjavík, 24. maí 2017



Þórunn Kristinsdóttir fundarstjóri



Unnur Elín Jónsdóttir ritari